

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Ferðapjónustukjarnar á höfuðborgarsvæðinu 2025

Greining og samantekt

IMH
HMI
RÁÐGJÖF



Efnisyfirlit

• Um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins	3
• Verkefnið	6
• Samantekt á ferðapjónustukjörnum	12
▪ Esja og Kjalarnes	13
▪ Mosfellsbær og Mosfellsdalur	18
▪ Seltjarnarnes og Gróttta	23
▪ Gamla höfnin og Grandinn	28
▪ Viðey	33
▪ Miðborg Reykjavíkur	38
▪ Laugardalur	44
▪ Öskjuhlíð	49
▪ Elliðaárdalur	54
▪ Kópavogur	59
▪ Garðabær	64
▪ Hafnarfjörður	69
▪ Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið	74
▪ Seltún og Krýsuvík	80

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins



Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.
Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka
gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.

VISIT
REYKJAVÍK

Við vinnum undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi

Helstu verkefni


- **Efla vitund og þekkingu** um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- **Þróa, móta og efla samstarf** og samlegð um málefni ferðapjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- **Efla samkeppnishæfni og slagkraft** áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- **Stuðla að sátt** íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðapjónustunnar.
- **Styrkja stoðir og uppbyggingu** ferðapjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera **málsvari og samnefnari** fyrir ferðapjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Verkefnið

- Markmið
- Aðferðafræði



Markmið verkefnisins


Markmið verkefnisins er að þróa og kortleggja ferðapjónustukjarna sem munu nýtast í vörupróun og markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu.

Það er grundvöllur fyrir betri upplifun, dreifingu gesta, lengri dvöl og sjálfbærni áfangastaðarins í takt við stefnu áfangastaðarins.

Ferðapjónustukjarnar

Ferðapjónustukjarni er afmarkað svæði sem ferðamenn vilja heimsækja.

Hver ferðapjónustukjarni samanstendur af nokkrum stöðum sem bjóða uppá ólíka upplifun fyrir ferðamenn en sem saman mynda eitt svæði með aðdráttarafl fyrir ferðamenn.




Aðferðafræði við kortlagningu kjarna

Til grundvallar lá greining á seglum höfuðborgarsvæðisins sem gerð var í lok árs 2023. Í framhaldi var ákveðið að fara í greiningu á ferðaþjónustukjörnum og byggir hún á vinnustofum með hagaðilum haustið 2024, þar sem þátttakendur skilgreindu núverandi og mögulega kjarna á höfuðborgarsvæðinu með því að afmarka svæði og nefna kjarnana. Í framhaldinu voru þátttakendur beðnir um að skilgreina aðdráttarafl og markhópa ferðaþjónustukjarna og tengja þá við stoðir úr stefnumörkun áfangastaðarins. Út úr þessari vinnu komu fjölmargir ferðaþjónustukjarnar ásamt greiningu á aðdráttarafli þeirra og markhópum.


Ferli kortlagningar

Fyrsta kortlagning




Í upphafi gerðu Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins og MH ráðgjöf drög að kjörnunum.

Uppfært kort eftir fyrstu vinnustofu




Kjarnar tóku breytingum eftir vinnustofu með hagaðilum.

Uppfært eftir seinni vinnustofu



Kjörnum var fækkað og þeir voru sameinaðir enn frekar eftir seinni vinnustofuna. Í mars 2025 var haldin vinnustofa um Gömlu höfnina og Grandann og var þá ákveðið að Viðey ætti ekki að vera hluti af kjarnanum heldur vera sér kjarni.

Drög að lokakorti



- 1 Esja og Kjalarnes
- 2 Mosfellsbær og Mosfellsdalur
- 3 Seltjarnarnes og Gróttu
- 4 Gamla höfnin og Grandinn
- 5 Viðey
- 6 Miðborg Reykjavíkur
- 7 Laugardalur
- 8 Öskjuhlíð
- 9 Elliðaárdalur
- 10 Kópavogur
- 11 Garðabær
- 12 Hafnarfjörður
- 13 Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
- 14 Seltún og Krýsuvík

Samantekt á ferðapjónustukjörnum

Lýsing - Aðdráttarafl - Markhópur - Aðgengi

- Esja og Kjalarnes
- Mosfellsbær og Mosfellsdalur
- Seltjarnarnes og Gróttta
- Gamla höfninn og Grandinn
- Viðey
- Miðborg Reykjavíkur
- Laugardalur
- Öskjuhlíð
- Elliðaárdalur
- Kópavogur
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
- Seltún og Krýsuvík



Esja og Kjalarnes

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Fjallgöngur, norðurljós, útivist, rólegheit.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar, útivistarfólk, ljósmyndarar og fyrirtæki í umhverfinu.

Sérstaða: Fjallgöngur, kyrrð og stórbrotin náttúra í nálægð við borgina með einstöku útsýni og möguleika á norðurljósum.





Esja og Kjalarnes

Esjan og Kjalarnesið bjóða upp á einstaka blöndu af náttúrufegurð, fjölbreyttri útivist og rólegu umhverfi rétt utan Reykjavíkur. Svæðin eru vinsæl meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins og ferðamanna sem sækja í útivist, fjallgöngur og upplifanir í kyrrlátu og ósnortnu umhverfi.

Esjan er eitt helsta kennileiti höfuðborgarsvæðisins, en hún býður upp á fjölbreyttar gönguleiðir fyrir bæði byrjendur og reynda göngugarpa. Náttúran við fjallsræturnar, skógræktarsvæðin og möguleikarnir á fjallamennsku, fjallahjólreiðum og klifri gera svæðið að vinsælum stað fyrir útivistarfólk.

Kjalarnesið er rólegt svæði með einstöku útsýni yfir fjöll og firði, og er sérstaklega aðlaðandi fyrir fólk sem leitar að kyrrð og öðruvísi upplifun, svo sem að njóta norðurljósa, stjörnubjartra nóttu og fjölskylduvænnar útivistar. Svæðið er auðveldlega aðgengilegt frá borginni og býður upp á afþreyingu sem hentar bæði fjölskyldum og einstaklingum.

Helsta aðdráttarafl Esju og Kjalarness:

Esja:

- Fjallgöngur með fjölbreyttum leiðum fyrir byrjendur og lengra komna.
- Náttúra og skógrækt sem býður upp á skjólrík svæði fyrir göngur og hvíld.
- Fjallamennska, klifur og fjallahjólreiðar fyrir ævintýraþyrsta.
- Kayak í Kollafirði og útivistasvæði við fjallsræturnar.
- Brúin og hugmyndir um kláf til að bæta upplifun og aðgengi.

Kjalarnes:

- Útsýni yfir fjöll, firði og sjó.
- Myrkur sem skapar fullkomnar aðstæður til að njóta norðurljósa og stjörnuskýrs næturhimins.
- Fjölskylduvænar útivistaraðstæður í rólegu og afslöppuðu umhverfi.
- Einstakur golfvöllur

Aðildarfélagar og kennileiti

- Esja
- Fálkaklettur
- Hvammsvík
- Klébergslaug

Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Ferðamenn sem vilja upplifa íslenska náttúru í nálægð við borgina.
- Ferðamenn sem vilja njóta norðurljósa, stjörnuskoðunar og öðruvísi upplifunar en í borgarumhverfi.

Íbúar

- Íbúar höfuðborgarsvæðisins og nágrannasveitarfélaga sem vilja stutta og aðgengilega fjallgöngu, nýta svæðið til útivistar og afþreyingar og sækja í rólegt umhverfi og fjölskylduvænar upplifanir.

Útivistarfólk

- Útivistarfólk sem sækist eftir ævintýralegri fjallamennsku, klifri og hjólreiðum.

Ljósmyndarar

- Vinsælt er að taka myndir af náttúru svæðisins.

Starfsfólk og fyrirtæki

- Fyrirtæki í nágrenninu sem leita að afslöppuðu svæði fyrir starfsmenn eða viðburði og teymisbyggjandi upplifunum.



Aðgengi að Esju og Kjalarnesi



Strætóleið 29 þjónar svæðinu og stoppar við Esjurætur og fer að Kjalarnesi.



Engar rafskútur eru aðgengilegar á svæðinu.



Aðgengi með bílum er gott, með bílastæðum við upphafsstaði gönguleiða, sérstaklega við Esjurætur.
Gott aðgengi með einkabíl á Kjalarnes, en svæðið er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.


Mosfellsbær og Mosfellsdalur

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Gljúfrasteinn, Helgufoss, Álafosskvos, hestaferðir, gönguleiðir, náttúra, menning, golfvellir, strandsvæði, siglingar, listaverk, fjölskylduvæn afþreying.

Markhópur: Útivistarfólk, fjölskyldur, íþróttáhugafólk og áhugafólk um menningu og list.

Sérstaða: Einstök náttúrutenging með hestaferðum, Gljúfrasteini og Helgufossi sem bjóða upp á menningu og útivist. Fjölbreytt blanda strandsvæða, golfvalla og listar í kyrrlátu borgarumhverfi.



Mosfellsbær og Mosfellsdalur

Mosfellsbær og Mosfellsdalur mynda fjölbreytt svæði sem sameinar náttúru, menningu og útivist. Svæðið býður upp á einstaka blöndu af menningartengdri arfleið, fjölskylduvænni afþreyingu og útivistarmöguleikum. Með áherslu á sögu, náttúru og fjölbreytta afþreyingu er svæðið ákjósanlegt fyrir þá sem vilja njóta útivistar- og náttúruupplifana í bland við þægindi og fjölbreytta þjónustu.



Helsta aðdráttarafl Mosfellsbæjar og Mosfellsdals

- **Mosfellsdalur:** Gljúfrasteinn, hestaleiga, Helgufoss, gönguleiðir, gróðurhús og tjaldsvæði.
- **Mosfellsheiði:** Fjölbreyttir útivistarmöguleikar í óspilltri náttúru.
- **Mosfellsbær og Álafosskvos:** Lágafellslaug, Hlégarður, KFC með rennibraut, saga og menning í Álafosskvos, og útsýni frá Lágafellskirkju.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | |
|---------------------------|----------------------------|
| • Álafosskvos | • Lágafellslaug |
| • Blik Bistro & Grill | • Listasalur Mosfellsbæjar |
| • Gljúfrasteinn | • Mosfell |
| • Grímannsfell | • Mosfellskirkja |
| • Helgufoss | • Varmárlaug |
| • Helgafell í Mosfellsdal | • Úlfarsfell |

Markhópar

Útivistarfólk

- Hentar vel þeim sem vilja njóta gönguleiða, náttúrufegurðar og útivist á strandsvæðum.
- Hægt er að fara í hestaferðir um fallega náttúru svæðisins sem er tilvalið fyrir hestamenn.

Fjölskyldur

- Fjölskylduvæn afþreying eins og Lágafellslaug, fjölskyldugarðar og strandsvæði.

Áhugafólk um menningu

- Gljúfrasteinn, Álafosskvos og Hlégarður bjóða upp á ríka tengingu við menningar- og bókmenntasögu Íslands.

Íþróttáhugafólk

- Golfvelli og íþróttasvæði laða að sér bæði byrjendur og lengra komna.





Aðgengi að Mosfellsbæ og Mosfellsdal



Leið 7 fer frá Egilshöll í Leirvogstungu í Mosfellsbæ og þjónar bæði Grafarvogi og Mosfellsbæ.

Leið 15 tengir Mosfellsbæ við Vesturbæ Reykjavíkur og fer um Grafarvog.

Leið 27 fer í átt að Mosfellsdal frá Mosfellsbæ.

Leið 106 (Næturstæðing): Á föstudags- og laugardagskvöldum er næturstæðing í boði sem fer frá Lækjartorgi til Mosfellsbæjar.



Rafskútur eru aðgengilegar í Mosfellsbæ.



Bílastæði eru víða á helstu stöðum á svæðinu.


Seltjarnarnes og Gróttta

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Svartar strendur, fuglalíf, norðurljós, vitinn, Kvika fótabað.

Markhópur: Náttúruunnendur, norðurljósaferðalangar, hópar, viðskiptaferðalangar og sjálfbærniaðdáendur.

Sérstaða: Friðsæl náttúruperla með einstöku fuglalífi, svörtum ströndum og norðurljósaskoðun í kyrrð.





Seltjarnarnes og Gróttta

Gróttta á Seltjarnarnesi er einstök náttúruperla þar sem svartar strendur, fuglalíf og norðurljós skapa ógleymanlega upplifun. Svæðið er friðsælt og töfrandi með einstöku landslagi þar sem sjór, sandur og himinn renna saman í fallegri heild. Seltjarnarnes og Gróttta eru vinsæll áfangastaður fyrir þau sem vilja njóta kyrrðar á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem það er til að upplifa náttúruna, ganga um svæðið eða einfaldlega slaka á í fótabaði í flæðarmálinu við Kvikú.

Svæðið er einnig þekkt fyrir Nesstofu, eitt elsta steinhús Íslands, og Bakkatjörn sem er vinsæll staður fyrir fuglaskoðun. Sundlaug Seltjarnarness bætir við fjölbreytta upplifun með heilsulind og þægilegri sundaðstöðu. Fyrir þau sem hafa áhuga á sjálfbærni og náttúruvernd eru Seltjarnarnes og Gróttta kjörinn staður til að upplifa náttúruna á umhverfisvænan og meðvitaðan hátt.

Helsta aðdráttarafl Seltjarnarness og Gróttu

- **Gróttu og vitinn:** Einstakt landslag með svörtum ströndum, stórfenglegu útsýni og göngutengingu að vitanum við fjöru.
- **Kvika footbath / Cupstone:** Heitt fótabað í flæðarmálinu býður upp á einstaka slökun og tengingu við náttúruna.
- **Bakkatjörn:** Kjörinn staður fyrir fuglaskoðun og náttúruskoðun í rólegu umhverfi.
- **Ráðagerði og Nesstofa:** Sögulegir staðir sem bjóða upp á innsýn í menningararf og sögu Seltjarnarness.
- **Sundlaug Seltjarnarness:** Heilsulind og fjölskylduvæn sundlaug með afslöppunar- og íþróttaaðstöðu.
- **Norðurljós:** Svæðið er tilvalið fyrir norðurljósaskoðun þar sem ljósmengun er lág.
- **Golf:** Nálægð við golfvöll fyrir þá sem vilja sameina náttúruupplifun og íþróttir.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | |
|-----------------------------|---------------------------|
| • Bakkatjörn | • Nesstofa |
| • Gróttu | • Sundlaug Seltjarnarness |
| • Kvika footbath / Cupstone | • Ráðagerði |

Markhópar

Náttúruunnendur

- Þau sem vilja njóta einstaks fuglalífs, kyrrlátrar náttúru og landslags.

Norðurljósaferðalangar

- Gestir sem vilja upplifa norðurljós á rólegum og fáförnum stað.

Hópar og einstaklingar

- Vinahópar og einstaklingar sem leita að friðsæld og falletgri náttúruupplifun.

Viðskiptaferðalangar

- Fyrir þau sem hafa lítinn tíma en vilja upplifa einstakan stað nálægt miðbæ Reykjavíkur.

Sjálfbærniaðdáendur

- Fólk sem hefur áhuga á umhverfisvænni ferðamennsku og náttúru.





Aðgengi að Seltjarnarnesi og Gróttu



Til að komast með Strætó á Seltjarnarnes og að Gróttu er hægt að taka strætisvagn númer 11, sem gengur milli Mjóddar og Seltjarnarness. Stoppustöðin Hofgarðar er næst Gróttu í 1 km fjarlægð frá strætóstoppi.



Rafskútur eru aðgengilegar á Seltjarnarnesi.



Það eru bílastæði í nágrenninu, til dæmis við Gróttuvita.

Gamla höfnin og Grandinn

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Veitingastaðir, þjónusta, söfn, afþreying, saga og sjóminjar.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar í nærumhverfi, gestir frá höfuðborgarsvæðinu og starfsfólk og fyrirtæki í nágrenni.

Sérstaða: Miðstöð afþreyingar, matarupplifana, þjónustu og menningar.



A cup of coffee on a table with a harbor scene in the background.

Gamla höfnin og Grandinn

Gamla höfnin og Grandi er einstakt svæði í Reykjavík sem sameinar sögulega sjávartengda arfleifð og lifandi nútíma menningu. Svæðið hefur þróast úr iðnaðarsvæði yfir í fjölbreyttan áfangastað sem laðar að bæði heimamenn og erlenda ferðamenn. Hér blandast saman fjölbreytt þjónusta, menningarviðburðir, einstök söfn, afþreying og frábærir veitingastaðir, sem skapa lifandi og heillandi svæði.

Svæðið er í stöðugri þróun, en jafnframt er haldið í sögulegan anda þess. Gamlir iðnaðar- og hafnarskálar hafa verið endurnýttir og fengið nýtt hlutverk sem listasöfn, matarmarkaðir, kaffihús og verslanir. Íslenskur sjávarútvegur og tengsl borgarinnar við hafið eru dregin fram í safnaheimsóknum, hvalaskoðunarferðum og upplifunum sem tengjast hafinu. Gamla höfnin og Grandi eru því bæði gluggi inn í fortíðina og spegilmynd af skapandi og fjölbreyttu borgarlífi nútímans.

Helsta aðdráttarafl Gömlu hafnarinnar og Grandans

- **Sjóminjasafnið og Whales of Iceland**, sem bjóða upp á innsýn í íslenska sjómennsku og lífríki hafsins.
- **Fjölbreytt afpreying** eins og hvalaskoðun, FlyOver Iceland, Lava Show, Aurora Reykjavík og Saga Museum sem veita gestum fjölbreyttar upplifanir.
- **Marshallhúsið** sem hýsir nútímalistasafn og veitingastað.
- **Hafnarsvæðið** þar sem hægt er að njóta sjávarloftsins, skoða bátahöfnina og fara í siglingu.
- Fjölbreytt **úrval veitingastaða og kaffihúsa**, sem bjóða upp á staðbundna stemningu.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | | |
|---------------------------------------|-----------------------------------|---------------------|
| • Aurora Reykjavík | • Lava Show | • Special Tours |
| • Center Hotels | • Reykjavík Röst | • Whale Safari |
| • Elding | • Saga Museum | • Whales of Iceland |
| • FlyOver Iceland | • Sjóminjasafnið (Borgarsögusafn) | • Þúfa |
| • Iceland Hotel Collection by Berjaya | • Slippbarinn | |

Markhópar



Erlendir ferðamenn

- Sækjast eftir einstakri upplifun, menningu, söfnum og sýningum við sjávarsíðuna.

Íbúar

- Fólk í nærumhverfi sem vill njóta menningar og þjónustu í sínu nánasta umhverfi.
- Gestir frá öllu höfuðborgarsvæðinu í leit að nýrri og skemmtilegri upplifun.

Starfsfólk og fyrirtæki í nágrenninu

- Nýta sér veitingastaði, kaffihús og afþreyingu.



Aðgengi að Gömlu höfninni og Grandanum



Svæðið er vel tengt við almenningssamgöngur í Reykjavík.
Strætóleið 3 ekur frá úr Mjóddinni að Gömlu höfninni og Grandanum.



Rafskútur eru aðgengilegar við Gömlu höfnina og á Grandasvæðinu.



Það eru næg bílastæði á svæðinu.


Viðey

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Náttúra, saga, söfn, sjóminjar, veitingastaðir og þjónusta.

Markhópur: Útivistarfólk og náttúruunnendur, fjölskyldur, menningarsinnar og áhugafólk um sögu, skólahópar og aðrir hópar.

Sérstaða: Einstök eyja innan borgarmarkanna – staður þar sem hægt er að upplifa kyrrð og ró innan fárra mínútna frá miðborg Reykjavíkur.





Viðey

Viðey er einstök eyja innan borgarmarkanna, þar sem náttúruupplifun, söguleg tenging og menningarlegt samhengi renna saman í rólegri og kyrrlátri umgjörð. Eyjan er aðgengileg með stuttri ferjuferð og býður upp á friðsælt umhverfi, sem gerir hana að eftirsóttum áfangastað fyrir bæði heimamenn og ferðamenn sem leita að rými til íhugunar, fróðleiks og náttúrunnar.

Viðey býr yfir ríku sögulegu gildi. Þar reis eitt fyrsta klaustur Íslands á 13. öld og eyjan gegndi síðar mikilvægu hlutverki í verslunar- og búsetusögu landsins. Fornleifar og friðuð hús, eins og Viðeyjarstofa (byggð 1755) vitna um þessa merku arfleifð. Eyjan var einnig vettvangur fyrir menntun og félagslíf á fyrri öldum og geymir margvísleg sagnaminjar.

Viðey er þekkt fyrir listræn inngrip í landslagið, einkum Friðarsúluna eftir Yoko Ono, sem tendruð er árlega í minningu John Lennon. Einnig má finna verkin Áfangar eftir Richard Serra og önnur lágmyndaverk sem vísa til samtímasköpunar í náttúruumhverfi. Þetta gerir eyjuna að lifandi vettvangi þar sem list og náttúra fléttast saman.

Helsta aðdráttarafl Viðeyjar

- **Friðarsúlan (Imagine Peace Tower)** eftir **Yoko Ono**, ljósvirki tendrað árlega í minningu John Lennon.
- **Listaverkið "Áfangar"** eftir **Richard Serra**, stórir basaltsteinar með textum sem mynda hringferil um eyjuna.
- **Viðeyjarstofa**, eitt elsta steinhús á Íslandi. Aðgangur að sýningum í Viðeyjarstofu og listasýn í opnu rými.
- **Klausturrústir** og merkar fornleifar.

Aðildarfélagar

- Elding
- Viðeyjarstofa (Borgarsögusafn)

Markhópar

Útivistarfólk & náttúruunnendur

- Einstakt náttúrusvæði með friðsæld, gönguleiðum og fuglalífi.
- Fólk sem sækist eftir slökun í náttúru án þess að þurfa að ferðast langt.

Menningarsinnar & listunnendur

- Aðráttarafl s.s. Friðarsúlan og listaverk Richards Serra.
- Áhugasamir um nútímalist, sögulega menningu og andlega upplifun.

Fjölskyldur með börn

- Öruggt, rólegt og aðgengilegt svæði með fræðslugildi.
- Ferjan sjálf er skemmtileg fyrir börn, og eyjan býður upp á fjölskylduvæna upplifun.

Ferðamenn (bæði einstaklings- og hópaferðir)

- Einstök eyja í nálægð við borgina, með áherslu á náttúru og sögu.
- Fjölbreytt upplifun.

Skólahópar og fræðsluhópar

- Saga Viðeyjar, náttúran og menningarverkefni skapa dýrmæt námstækifæri.

Heimamenn sem vilja slaka á

- Margir Íslendingar sækja eyjuna heim til að upplifa ró og kyrrð.





Aðgengi að Viðey



Viðey er aðgengileg með ferju sem siglir frá Skarfabakka og Gömlu höfninni.

Ferjusiglingar eru daglegar yfir sumartímann, en yfir vetrartímann er þjónustan takmörkuð við helgar frá Skarfabakka. Reykjavík City Card veitir ókeypis aðgang að ferjunni.

Frá Skarfabakka - Ferðatími: 5 mínútur.

Daglegar ferjusiglingar 15. maí- 31. ágúst og um helgar frá 1. sept -14. maí

Frá Gömlu höfninni - Ferðatími: 20 mínútur

Daglegar ferjusiglingar 1.júní - 31.ágúst

Miðborg Reykjavíkur

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Menning, verslun, næturlíf, veitingastaðir, söfn og saga.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, heimamenn, matgæðingar, menningarsinnar, listunnendur og ungt fólk.

Sérstaða: Miðborg Reykjavíkur er hjarta menningar og sögu, þar sem sögulegur arfur, líflegt næturlíf og fjölbreytt veitingamenning sameinast á einstakan hátt.





Miðborg Reykjavíkur

Miðborg Reykjavíkur er líflegur og fjölbreyttur áfangastaður sem sameinar íslenska sögu, menningu og nútíma mannlíf. Svæðið, sem er vel afmarkað og auðvelt að ganga um, er miðpunktur verslunar, veitingahúsa og afþreyingar í borginni.

Í miðborginni mætast saga og nýsköpun, þar sem hvert götuhorn býður upp á nýja upplifun – hvort sem það er heimsókn á fræg söfn, dásamlegur matur eða næturlíf í einstöku andrúmslofti.

Hvort sem menn vilja dást að arkitektúr Hallgrímskirkju, upplifa lifandi viðburði í Hörpu, eða rölta um verslunargötur Hafnartorgs, þá býður miðborgin upp á eitthvað fyrir alla.

Helsta aðdráttarafl Miðborgarinnar

- **Þekktar byggingar:** Hallgrímskirkja, Harpa og Alþingishúsið eru tákn borgarinnar og endurspeгла sögulegt og menningarlegt mikilvægi svæðisins.
- **Söfn og sýningar:** Þjóðminjasafn Íslands, Borgarsögusafn (Aðalstræti), Heimur í orðum, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Einars Jónssonar eru meðal margra staða sem bjóða upp á sögulegar og listrænar upplifanir.
- **Verslun:** Hafnartorg og nærliggjandi götur bjóða upp á úrval verslana, frá tísku og hönnun til gjafavöruverslana.
- **Veitingastaðir og kaffihús:** Frábærir veitingastaðir bjóða upp á fjölbreytta matargerð.
- **Næturlíf:** Miðborgin er miðstöð næturlífsins á Íslandi, þar sem fjölmargir barir, klúbbar og skemmtistaðir skapa einstaka stemningu.
- **Gönguleiðir:** Gaman er að ganga á milli safna, sýninga og annarra áhugaverðra staða í miðborginni, þar sem allt er innan stutts göngufæris.

Aðildarfélagar og kennileiti

- Aðalstræti (Borgarsögusafn)
- Alpingi
- Apótek Kitchen + Bar
- Center Hotels
- CityHub Reykjavík
- Beergarden
- Brút
- Fjallkonan
- Fröken Reykjavík
- Geiri Smart
- Grái kötturinn
- Hafnartorg
- Hallgrímskirkja
- Harpa
- Haust Restaurant
- Heimaleiga
- Heimur í orðum
- Hið íslenska reðasafn
- Hjá Jóni
- Iceland Hotel Collection by Berjaya
- Ísafold lounge & Bar
- Íslandshótel
- Jørgensen Kitchen & Bar
- Jómfrúin
- Kaffi Ó-le
- Keahotels
- Konsúlat Wine Room
- Listasafn Íslands
- Listasafn Reykjavíkur
- Listasafn Einars Jónssonar
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur (Borgarsögusafn)
- Lóa Restaurant
- Magic Ice Bar
- Mýrin
- OTO
- Radisson BLU 1919 Hotel
- Re Argentina Alfajores
- Safnahúsið
- Ský lounge & Bar
- Sólfarið
- Sundhöll Reykjavíkur
- Sushi Social
- Sæta svínið
- Tapas Bar
- Terroir Reykjavík Wine Bar
- The Reykjavík EDITION
- The Roof
- Tides Café
- Tides Restaurant
- Tres Locos
- Viking Portrait (Mink Viking)
- Vesturbæjarlaug
- Volcano Express
- Þjóðminjasafn Íslands



Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Þeir sem koma til Íslands leita oftast á fyrsta degi eða í lok ferðar í miðborgina til að upplifa þekktustu kennileitin og menninguna.

Heimamenn

- Íbúar Reykjavíkur og nágrennis njóta miðborgarinnar fyrir veitingastaði, menningarviðburði og verslun.

Matgæðingar

- Einstök matarupplifun laðar að gesti sem vilja njóta fjölbreyttrar matargerðar og hágæða veitingahúsa.

Menningarsinnar og listunnendur

- Söfn, gallerí og arkitektúr borgarinnar laða að sér þá sem hafa áhuga á sögu og listum.

Ungt fólk og hópar

- Næturlíf, afþreying og viðburðir í miðborginni skapa líflegt umhverfi sem hentar vel ungu fólki og hópum.



Aðgengi að Miðborginni



Fjölmargar strætóleiðir fara um miðborgina. Flestar leiðir hafa 15 mínútna tíðni á annatímum og 30 mínútna tíðni utan annatíma. Næturstætó er einnig í boði um helgar, með fjórum leiðum sem aka frá miðbænum út í úthverfi.



Rafskútur eru aðgengilegar í miðborginni.



Í miðborginni eru um 5.900 bílastæði, þar af um 2.000 í sjö bílastæðahúsum sem eru opin frá 07:00 til 24:00 alla daga vikunnar. Auk þess eru um 1.160 bílastæði í bílaskjöldurum undir Hafnartorgi og Hörpu.

Laugardalur

Helstu atriði

Aðdráttarafi: Grasagarður, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, sund, íþróttir, fjölskyldugarður.

Markhópur: Fjölskyldur, íþróttáhugafólk, útivistarfólk og menningarunnendur.

Sérstaða: Fjölskylduvænt svæði með grasagarði, húsdýragarði og íþróttamiðstöðvum.





Laugardalur

Laugardalur er eitt vinsælasta útivistarsvæði Reykjavíkur með fjölbreytt aðdráttarafl sem höfðar til allra aldurshópa. Dalurinn er þekktur fyrir fjölskylduvænt umhverfi, íþróttaaðstöðu á heimsmælikvarða og græna náttúru. Í dalnum sameinast menning, saga og afþreying á einstakan hátt, þar sem allt frá sögulegum þvottalaugum til nútímalegra íþróttamiðstöðva spilar lykilhlutverk í upplifun gesta.

Laugardalur er einnig miðstöð útivistar og afþreyingar fyrir börn og fjölskyldur. Þar má finna Grasagarðinn og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, sem gera svæðið að eftirsóttum stað fyrir fólk sem vill njóta dagsins utandyra. Íþróttaiðkendur laðast að Laugardalsvelli og íþróttasvæðum dalsins, sem bjóða bæði upp á útiaðstöðu og innanhúsiðkanir.

Saga dalsins nær langt aftur í tímann, þegar þvottalaugarnar voru mikilvægur samkomustaður borgarbúa. Síðar þróaðist svæðið sem miðstöð hitaveitu Reykjavíkur, sem hefur gert það að lykilstað í sögu borgarinnar. Í dag tengir Laugardalur saman sögu og nútíma með því að vera bæði grænt skjól og lifandi miðstöð mannlífs.

Helsta aðdráttarafl Laugardals

- **Fjölskylduvænt umhverfi:** Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur með dýrum, leiksvæðum og fjölbreyttri afþreyingu.
- **Grasagarðurinn:** Friðsæll gróðurvin með áherslu á íslenska flóru sem hentar bæði til fræðslu og afslöppunar.
- **Menning og saga:** Ásmundarsafn býður upp á einstaka listupplifun, og þvottalaugarnar, borholurnar og hitaveitan tengja svæðið við sögu og þróun borgarinnar.
- **Laugardalsvöllur:** Aðalíþróttavöllur Íslands og miðstöð helstu íþróttaviðburða landsins.
- **Íþróttir og sund:** Svæðið er miðstöð íþróttar á Íslandi, bæði innandyra og utandyra, með aðstöðu fyrir margs konar íþróttir. Laugardalslaug, ein stærsta sundlaug landsins, býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir sundgesti.
- **Útivist og gönguleiðir:** Göngustígar og græn svæði gera Laugardalinn að kjörnum stað fyrir útivist og rólega gönguferðir.
- **Tjaldsvæði:** Laugardalur hýsir vinsælt tjaldsvæði

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | | |
|-----------------------------------|---------------------------------------|----------------------------------|
| • Ásmundarsafn | • Grand Brasserie | • Laugardalslaug |
| • Casa Dísar | • Iceland Hotel Collection by Berjaya | • Listasafn Sigurjóns Ólafssonar |
| • Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn | • Íslandshótel | • Vox Brasserie & Bar |
| • Grasagarðurinn | • Keahotels | |

Markhópar

Fjölskyldur

- Svæðið er fjölskylduvænt og þar er að finna fjölda afþreyinga fyrir börn, sbr. Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Grasagarðinn.

Íþróttáhugafólk

- Mikið íþróttasvæði þar sem hægt er að nýta íþróttamiðstöðvar, Laugardalslaug og Laugardalsvöllinn.

Útivistarfólk

- Gönguleiðir, náttúra og rólegheit svæðisins eru aðlaðandi fyrir þau sem elska útiveru.

Menningarunnendur

- Á svæðinu er hægt að heimsækja Ásmundarsafn og kanna sögu þvottalauganna og hitaveitunnar.





Aðgengi að Laugardalnum



Strætóleiðir þjóna svæðinu vel, þar á meðal leiðir 2, 5, 15 og 18, sem stoppa nálægt helstu stöðum í dalnum.



Rafskútur eru í boði í kringum Laugardal.



Bílastæði eru víða um svæðið, þar á meðal við Laugardalslaug, Grasagarðinn og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Öskjuhlíð

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Perlan, náttúra, skógur, gönguleiðir, útsýni, menningarminjar.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar, útivistarfólk og fjölskyldur.

Sérstaða: Skjólgott skóglendi og gönguleiðir með Perluna sem einstakan útsýnis- og upplifunarstað.





Öskjuhlíð

Öskjuhlíðin í Reykjavík er eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarinnar og býður upp á einstaka upplifun í náttúrunni í hjarta höfuðborgarinnar. Svæðið er gróið og fallegt með fjölbreyttum gönguleiðum sem henta bæði byrjendum og lengra komnum. Trjálundir og stígar mynda notalegt skjól, og útsýnið yfir borgina frá hæstu hæðum Öskjuhlíðar er stórfenglegt.

Öskjuhlíðin hefur verið mikilvægur hluti af útivistarlífi borgarbúa í gegnum tíðina og býður upp á sambland af náttúru, fræðslu og afþreyingu. Svæðið er fjölskylduvænt og einstaklega aðgengilegt, hvort sem fólk vill njóta rólegrar göngu, virkrar útivistar eða heimsóknar á vinsæla staði eins og Perluna eða Nauthólsvík.

Helsta aðdráttarafl Öskjuhlíðar

- **Perlan:** Einstakt kennileiti höfuðborgarsvæðisins sem sameinar náttúru, vísindi og tækni. Þar er m.a. að finna íshelli, náttúrusýningu, veitingastaði og útsýnisvettvang sem býður upp á 360° útsýni yfir borgina.
- **Nauthólsvík:** Heit sjóböð og frábært útivistarsvæði við sjávarsíðuna. Hentar fyrir fjölskyldur, sundáhugafólk og þá sem vilja njóta hafsins á öruggan og þægilegan hátt.
- **Gönguleiðir:** Stígar í og umhverfis Öskjuhlíðina eru vel við haldnir og bjóða upp á rólega göngu í fallegri náttúru. Þeir henta flest öllum óháð aldri og líkamlegu formi.
- **Skjólrík náttúra:** Þéttur gróður og tré skapa skjól fyrir vindi, sem gerir svæðið notalegt í hvaða veðri sem er.

Aðildarfélagar og kennileiti

- Perlan
- Perlan Restaurant
- Iceland Hotel Collection by Berjaya
- Nauthólsvík
- Norðurflug
- Satt Restaurant



Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Perlan og Nauthólsvík eru vinsælir áfangastaðir fyrir ferðamenn sem vilja upplifa íslenska náttúru og menningu.

Íbúar

- Borgarbúar njóta þess að heimsækja svæðið fyrir stutta gönguferð, útivist eða afslöppun.

Útivistarfólk

- Gönguleiðir, náttúra og rólegheit svæðisins eru aðlaðandi fyrir þau sem elska útiveru.
- Gönguleiðir og grænt svæði gera Öskjuhlíðina fullkomna fyrir þá sem vilja sameina náttúru og hreyfingu.

Fjölskyldur

- Svæðið er fjölskylduvænt og býður upp á afþreyingu og gönguleiðir sem henta börnum jafnt sem eldri borgurum.



Aðgengi að Öskjuhlíðinni



Leið 8 stoppar við Öskjuhlíð og tengir svæðið við aðra hluti borgarinnar. Leiðir 18 og 19 þjóna svæðinu, með stoppistöðvum við Perluna (leið 18) og Nauthólsvík/HR (leið 19).



Rafskútur eru aðgengilegar við Öskjuhlíð.



Bílastæði eru við Perluna og í Nauthólsvík. Bílastæðin eru nálægt helstu aðdráttaröflum svæðisins og auðvelda aðgengi að gönguleiðum, ströndinni og öðrum stöðum.

Elliðaárdalur

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Útivist, gönguleiðir, laxveiði, fossar, náttúra.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar á höfuðborgarsvæðinu, ungt fólk, fjölskyldufólk, útivistarfólk, listafólk og starfsfólk fyrirtækja í nágrenninu.

Sérstaða: Grænt svæði með laxveiði og fossum, staðsett í hjarta borgarinnar, fullkomið fyrir útivist og fjölskyldur.





Elliðaárdalur

Elliðaárdalur er einstakt svæði í Reykjavík þar sem náttúran, saga og borgarlíf fléttast saman. Dalurinn er gróinn perla sem býður upp á fjölbreytta möguleika til útivistar, fræðslu og skemmtunar fyrir fólk á öllum aldri. Með sínum fallegu fossum, líflegri á, gróskumiklum gróðri og sögu raforku í Reykjavík er Elliðaárdalur ómissandi hluti af borgarlandslaginu.

Elliðaárdalurinn hefur sterkt sögulegt gildi, en árið 1921 var þar tekin í notkun raforkustöð. Rafvæðing Reykjavíkur hafði mikil áhrif á mannlíf og menningu í borginni og gjörbreytti lífi borgarbúa. Í dag eru rafstöðin við Elliðaár og tengd mannvirki friðuð og með opnun Elliðaárstöðvar gefst gestum nú tækifæri til að fræðast um dalinn og læra um umhverfisvæna vinnslu á raforku.

Helsta aðdráttarafl Elliðaárdals

Útivist: Fjölbreyttar göngu- og hlaupa-/hjólaleiðir, gönguskíðaleiðir á veturna og reiðleiðir fyrir hestamenn.

Náttúran: Elliðaárnar, fossarnir og fjölbreyttur gróður sem skapa einstakt andrúmsloft fyrir gesti.

Veiði: Elliðaárnar bjóða upp á laxveiði í einstöku umhverfi, sem laðar bæði heimamenn og veiðimenn lengra að.

Saga og menning: Rafstöðin gamla, Hitt húsið, Orkuveitan, Elliðaárstöð og Höfuðstöðin tengja svæðið við þróun orkumála í Reykjavík.

Vetrarafþreying: Skíðabrekka og gönguskíðaleiðir á veturna bjóða upp á fjölbreytta útivist allt árið.

Þjónustu- og iðnaðarsvæði: Nálægð við þjónustu og fyrirtæki á svæðinu gerir dalinn aðgengilegan og fjölbreyttan.

Aðildarfélagar og kennileiti

- Árbæjarlaug
- Árbæjarsafn (Borgarsögusafn)
- Höfuðstöðin
- Elliðaárstöð



Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Upplifa íslenska náttúru og menningu í borgarumhverfi.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins

- Leita þangað til að njóta náttúru og útivistar.

Ungt fólk

- Sækir svæðið vegna afþreyingar, útivistar og menningarviðburða, sérstaklega í tengslum við Elliðaárstöð og Höfuðstöðina.

Fjölskyldur

- Koma saman til að ganga, hjóla og njóta náttúrunnar.

Útivistarfólk

- Laðast að fjölbreyttum göngu-, hlaupa- og hjólaleiðum innan og utan dalsins.
- Vinsælar reiðleiðir liggja um svæðið
- Stangveiði í Elliðaánum er einstök upplifun.

Listafólk

- Finnur innblástur í fallegu umhverfi og fjölbreyttri náttúru.

Starfsfólk og fyrirtæki í nágrenninu

- Nýta dalinn til afþreyingar og hvíldar.



Aðgengi að Elliðaárdal



Nokkrar strætóleiðir þjóna svæðinu. Til dæmis stoppar leið 24 við Árbæjarsafn og leið 3 við Elliðaárdal. Að auki eru aðrar stoppistöðvar í nágrenni dalsins, til dæmis stoppar leið 16 við Rafstöðvarveg.



Rafskútur eru aðgengilegar á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal við Elliðaárdal.



Fyrir þau sem koma akandi eru bílastæði við upphafsreit gönguleiða í dalnum. Til dæmis er gott bílastæði við Elliðaárstöð, sem er hentugur staður til að hefja göngu- eða hjólaferð um svæðið. Einnig eru bílastæði við Árbæjarsafn og Árbæjarlaug.


Kópavogur

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Sky Lagoon, Kópavogskirkja, verslun, söfn, náttúra.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar, fjölskyldur og menningarunnendur.

Sérstaða: Nútímapægindi, Sky Lagoon og fjölbreytt menning með aðgengi að náttúru.





Kópavogur

Kópavogur sameinar menningu, náttúru og nútímaþægindi á einstakan hátt. Bærinn býður upp á fjölbreytta afþreyingu og þjónustu sem höfðar til fjölskyldna, menningarunnenda og ferðamanna. Í Kópavogi er hægt að finna söfn, græn svæði og fjölskylduvænar sundlaugar, auk hágæða veitingastaða og verslunarmiðstöðva á borð við Smáralind. Þetta er staður þar sem saga og nútími mætast og skapa fjölbreytta upplifun fyrir íbúa og gesti.

Helsta aðdráttarafl Kópavogs:

- **Menning:** Kópavogskirkja er tákn sveitarfélagsins og stendur stolt á Borgarholti með stórkostlegu útsýni. Söfn á borð við Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa Kópavogs veita gestum innsýn í íslenska list og náttúru.
- **Náttúra:** Friðlýst svæði og náttúruminjar bjóða upp á afslöppun, gönguleiðir og tengingu við náttúruna.
- **Sky Lagoon:** Einstök heilsulind sem er orðin vinsæll áfangastaður ferðamanna og heimamanna.
- **Sundlaugar:** Kópavogslaug og Salalaug, fjölskylduvænar og vinsælar meðal heimamanna og gesta.
- **Verslun og þjónusta:** Smáralind er miðpunktur verslunar og afþreyingar með fjölbreytt úrval veitingastaða, kvikmyndahús og heilsuræktaraðstöðu.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | | |
|-------------------------------|------------------------------|--------------|
| • Brasserie Kársnes | • Kópavogskirkja | • Salurinn |
| • Fossvogsdalur og trjásafnið | • Kópavogslaug | • Sky Lagoon |
| • Gerðasafn | • Króníkan | • Smáralind |
| • Heimaleiga | • Náttúrufræðistofa Kópavogs | |
| • Kópavogsdalur | • Salalaug | |

Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Gestir sækja í Sky Lagoon, söfnin og náttúrusvæðin til að upplifa fjölbreytta menningu og afslöppun í nágrenni Reykjavíkur.

Íbúar

- Heimamenn sækja svæðið til að njóta afþreyingar, útivistar og þjónustu.

Fjölskyldur

- Svæðið býður upp á fjölskylduvænar sundlaugar, gönguleiðir og menningarviðburði sem höfða til barna og foreldra.

Menningarunnendur

- Áhugafólk um listir, náttúrufræði og sögu laðast að söfnum og náttúru Kópavogs.





Aðgengi að Kópavogi



Það eru nokkrar leiðir sem þjóna Kópavogi, en helstu leiðirnar eru 2, 21, 28 og 36.



Rafskútur eru aðgengilgar á Kársnesi, í kringum Smáralind og í 200 Kópavogi.



Bílastæði: Auðvelt er að finna bílastæði við helstu staði, svo sem Sky Lagoon, Smáralind og söfnin.

Garðabær

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Bessastaðir, fuglalíf, strendur, golfvellir, Gálgahraun.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, íbúar, fjölskyldur, náttúruunnendur, fuglaskoðendur, fyrirtæki á svæðinu og áhugafólk um sögu og menningu.

Sérstaða: Náttúra og saga á rólegu svæði, Bessastaðir, fuglalíf og hvítar strendur.





Garðabær

Garðabær og Álftanes bjóða upp á einstaka upplifun þar sem fjölskylduvænt umhverfi, ríkuleg náttúra og menningararfur blandast saman. Svæðið er rólegt og þægilegt í nálægð við Reykjavík og býður upp á afþreyingu fyrir fjölbreyttan hóp gesta, hvort sem það er fjölskyldufólk, fuglaskoðendur, náttúruunnendur eða ferðamenn í leit að rólegu og öðruvísi umhverfi.

Á Álftanesi finnur maður fallegar strendur, fuglalíf og sögufræga staði eins og Bessastaði, sem tengja svæðið við íslenska sögu og menningu. Í Garðabæ eru fjölbreytt útivistarsvæði, íþróttaaðstaða og menningarstarfsemi sem hentar öllum aldurshópum. Hvort sem gestir vilja skoða Gálgahraun, slaka á við Öldulaugina, heimsækja golfvelli eða njóta veitingastaða, er nóg í boði til að skapa ógleymanlega upplifun.

Helsta aðdráttarafl Garðabæjar:

- **Bessastaðir:** Sögufrægt heimili forseta Íslands og staður tengdur íslenskri menningarsögu.
- **Fuglalíf:** Álftanes og strandlengjan bjóða upp á kjöraðstæður fyrir fuglaskoðun.
- **Strendur:** Hvítgulir sandar Álftaness bjóða upp á ólíka upplifun frá svörtum ströndum annars staðar á Íslandi.
- **Gálgahraun:** Sögufrænt hraun með sérstökum náttúru- og jarðfræðilegum gæðum.
- **Garðaholt:** Fallegur staður með útsýni og sögulegu gildi.
- **Útivist:** Fjölbreyttar gönguleiðir, hraunlandslag og græn svæði í Garðabæ og Álftanesi.
- **Álftaneslaug:** Vinsæl fjölskylduvæn sundlaug með öldulaug sem sameinar slökun og afþreyingu.
- **Golfvellir:** Hágæða golfvellir fyrir íþróttaáhugafólk.
- **Veitingastaðir og þjónusta:** Fjölbreytt úrval í Garðabæ.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | |
|--------------------------|------------------------|
| • Álftanes / Bessastaðir | • Eimverk |
| • Álftaneslaug | • Hofsstaðir |
| • Ásgarður sundlaug | • Hönnunarsafn Íslands |



Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Þau sem leita að öðruvísi upplifun með áherslu á náttúru, sögu og kyrrð.

Íbúar

- Heimamenn nýta fjölbreytta þjónustu, veitingastaði, íþróttaaðstöðu og útivist.
- Gestir frá öðrum sveitarfélögum sækja í náttúru, ró og fjölskylduvæna afþreyingu.

Fjölskyldur

- Strendur, sundlaugar og útivistarsvæði henta vel fyrir fjölskyldur

Náttúruunnendur og fuglaskoðendur

- Náttúruunnendur sækja í fjölbreytt umhverfi til útivistar og afslöppunar.
- Álftanes er einstakur staður fyrir fuglaskoðun í nálægð við borgina.

Áhugafólk um sögu og menningu

- Þau sem sækjast eftir að læra meira um íslenska sögu og menningu

Fyrirtæki í hverfinu

- Starfsfólk og fyrirtæki njóta veitingastaða, fundaraðstöðu og rólegra útivistasvæða.

Aðgengi að Garðabæ



Það eru nokkrar leiðir sem þjóna Garðabæ og Álftanesi. Þær helstu eru leiðir 1, 22, 23 og 24.



Rafskútur eru aðgengilegar í Garðabæ og Álftanesi.



Bílastæði: Auðvelt er að finna bílastæði við helstu staði.

Hafnarfjörður

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Miðbærinn, Fjörúkráin, víkingahátíð, Hellisgerði.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, fjölskyldur, eldra fólk og áhugafólk um menningu.

Sérstaða: Víkingaarfur og sögulegur miðbær, umvafinn náttúruperlum.





Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er fallegur bær þar sem saga, menning og náttúra fléttast saman í einstaka heild. Hafnarfjörður er heimkynni sögulegra götummynda, fallegs miðbæjar og rólegra svæða sem laða að gesti sem vilja upplifa þjóðlegan og afslappaðan anda. Í miðbæ Hafnarfjarðar eru fjölbreyttir veitingastaðir, verslanir og menningarviðburðir sem skapa lifandi og skemmtilega stemningu.

Helsta aðdráttarafl Hafnarfjarðar

- **Miðbær Hafnarfjarðar:** Heillandi gömul hús, verslanir og veitingastaðir í rólegu og vinalegu umhverfi.
- **Viðburðir:** Víkingahátíðin í júní, Hjarta Hafnarfjarðar og Jólaborpið á aðventunni eru stór hluti af menningarupplifun bæjarins.
- **Fjörukráin:** Dregur fram þjóðlega menningu með víkingapema.
- **Menning og listir:** Hafnarborg, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hellisgerði, sem bjóða upp á listræna og sögulega upplifun.
- **Náttúran:** Bærinn er umvafinn útivistarsvæðum.
- **Sundlaugar og fjölskylduvæn afþreying:** Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug og Sundhöllin eru kjörnar fyrir fjölskyldur og íþróttaáhugafólk.

Aðildarfélagar og kennileiti

- | | | |
|----------------------------|------------------|----------------|
| • Ástjörn | • Hafnarborg | • Sundhöllin |
| • Ásvallalaug | • Hellisgerði | • Víðistaðatún |
| • Byggðasafn Hafnarfjarðar | • Hótel Víking | • Ölvisholt |
| • Fjörukráin | • Suðurbæjarlaug | |

Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Erlendir ferðamenn, sér í lagi Þjóðverjar, sem vilja upplifa íslenska menningu

Fjölskyldur

- Fjölskylduvænar gönguleiðir, sundlaugar og rólegir viðburðir höfða vel til barna og foreldra.

Eldra fólk

- Rólegt andrúmsloft og menningarleg upplifun í miðbænum eru tilvalin fyrir eldri kynslóðina.

Menningarunnendur

- Byggðasafnið og Hafnarborg veita tækifæri til að kafa dýpra í sögu og menningu Íslands.
- Víkingahátíðin og Fjörúkráin laða að gesti með áhuga á íslenskri sögu.





Aðgengi að Hafnarfirði



Strætóleið 1 tengir Reykjavík við miðbæ Hafnarfjarðar og Skarðshlíð. Leið 19 þjónar Kaplakrika og Ásvallalaug, og leið 21 tengir Mjódd við Hafnarfjörð.



Rafskútur eru aðgengilegar í Hafnarfirði.



Bílastæði: Auðvelt er að finna bílastæði við helstu staði.

Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið

Helstu atriði

Aðráttarafl: Fell og vötn, gönguleiðir, jarðhiti, kyrrð, náttúrufegurð.

Markhópur: Erlendir ferðamenn, áhugafólk um jarðhita, útivistarfólk, ævintýrapyrstir og fjölskyldur.

Sérstaða: Fjölbreytt útivistarsvæði með fjölmörgum gönguleiðum, jarðhitasýning.



An aerial photograph of a wooden observation deck situated in a dense forest. The deck is made of light-colored wood and has a low railing. It is surrounded by tall, dark green evergreen trees. The ground around the deck is covered in moss and small plants. The overall scene is peaceful and natural.

Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið

Höfuðborgarsvæðið er umvafið einstökum svæðum þar sem fjölbreytt náttúra, jarðhiti og útivist sameinast. Þar er hægt að stunda fjölbreytta útivist sem hentar fyrir útivistarfólk af öllum toga og fjölskyldur. Með gróskumiklum skógum, hrífandi hraunbreiðum, kyrrlátum vötnum og fallegum gönguleiðum eru útivistarsvæðin kjörinn staður til að njóta náttúrunnar. Á Hellisheiði er einnig jarðhitasýning og einstakt landslag þar sem hægt er að upplifa krafta jarðar á áhrifaríkan hátt.

Helsta aðdráttarafl útivistarsvæðanna

- **Gönguleiðir í skóglendi** sem henta bæði byrjendum og lengra komnum.
- **Gönguleiðir upp á fell** sem bjóða upp á stórbrotið útsýni.
- **Fjölmarginir útivistarmöguleikar** fyrir þau sem stunda hjólreiðar, hestamennsku og aðra útivist.
- **Skíðasvæði í Bláfjöllum** sem laðar að bæði heimamenn og ferðamenn á veturna.
- **Hraunlandslag** með fallegri jarðfræði.
- **Kyrrlát svæði** fyrir göngu og náttúruskoðun.
- **Nattúrufegurð og fallegt útsýni.**
- **Jarðhitasýningin** býður upp á innsýn í krafta jarðar og sjálfbæra orkunýtingu á Íslandi.
- **Náttúrutengd og ævintýraleg afþreying** á borð við hestaferðir og fjórhjólaferðir

Aðildarfélagar og kennileiti

- Adrenalíngarðurinn
- Aurora Basecamp
- Bláfjöll og skíði
- Búrfellsgjá
- Dalslaug
- Elliðavatn
- Hafravatn
- Heiðmörk

- Helgafell í Hafnarfirði
- Hellisheiði
- Hólmsheiði
- Hvaleyrarvatn
- Íshestar
- Íslenski reiðhesturinn
- Jarðhitasýningin
- Kaldársel

- Maríuhellar
- Paradísardalur
- Rauðhólar
- Rauðavatn
- Reynisvatn
- Safari hjól
- Urriðavatn
- Úlfarsfell
- Vífilsstaðavatn

Markhópar

Erlendir ferðamenn

- Erlendir ferðamenn sem vilja upplifa íslenska náttúru og jarðhita.

Áhugafólk um jarðhita

- Hellisheiðin og Jarðhitasýningin bjóða einstaka upplifun fyrir gesti sem vilja upplifa og fræðast um jarðhita.

Útivistarfólk og Ævintýraþyrstir

- Svæðið er fullkomið fyrir þau sem elska gönguleiðir, náttúruskoðun og ævintýri í óspilltri náttúru.
- Hestaferðir um svæðið bjóða upp á einstaka upplifun fyrir þá sem vilja kynnast íslenska hestinum í náttúrulegu umhverfi.

Fjölskyldur

- Svæðið er fjölskylduvænt með aðgengilegum göngustígum, afslöppunarsvæðum og náttúruupplifun fyrir börn og fullorðna.



Aðgengi að útivistarsvæðunum



Almenningssamgöngur eru takmarkaðar, svo mælt er með að ferðast með bíl eða skipulagðri hópferð.



Rafskútur eru ekki aðgengilegar á svæðinu.



Útivistarsvæðin eru auðveldlega aðgengileg með bíl. Aksturinn tekur um 20-30 mínútur frá miðborg Reykjavíkur, með góðum bílastæðum við helstu upphafsstaði gönguleiða.

Seltún og Krýsuvík

Helstu atriði

Aðdráttarafl: Jarðhiti, Seltún, gönguleiðir, náttúra

Markhópur: Ferðamenn, náttúruunnendur, ljósmyndarar, fjölskyldur, útivistarfólk og ævintýraþyrstir.

Sérstaða: Jarðhitasvæði með litadýrð Seltúns og kyrrlátu Kleifarvatni, stundum kallað litlu Landmannalaugar.





Seltún og Krýsuvík

Seltún og Krýsuvík eru einstök náttúrusvæði sem bjóða upp á heillandi upplifanir fyrir ferðamenn og náttúruunnendur. Svæðið er þekkt fyrir stórbrotið landslag, litríkt jarðhitasvæði og einstaka ró, sem gerir það að áfangastað sem er bæði aðgengilegur og ólíkur því sem gestir annars upplifa í höfuðborginni. Heillandi akstursleið inn á svæðið, sem liggur meðfram Kleifarvatni, eykur upplifunina með dramatískum útsýnisstöðum og náttúru.

Krýsuvík er stundum kölluð "litlu Landmannalaugar höfuðborgarsvæðisins" vegna litadýrðar jarðhitans við Seltún, sem sýnir krafta jarðar á áhrifaríkan hátt. Á svæðinu er að finna svarta sanda og dramatískar fjallshlíðar sem skapa kyrrláta og fallega upplifun.

Helsta aðdráttarafl Seltúns og Krýsuvíkur

- **Seltún í Krýsuvík:** Jarðhitasvæði með gufustrókum, heitum leirpollum og litadýrð jarðefna. Stígar gera gestum kleift að kanna svæðið á öruggan hátt.
- **Kleifarvatn:** Stórt stöðuvatn með kyrrlátum svörtum ströndum og stórbrotinni náttúru.
- **Krýsuvík:** Náttúruperlur með gönguleiðum og fræðslumerkingum um jarðfræði svæðisins.
- **Heillandi ferðalag:** Akstursleiðin meðfram Kleifarvatni býður upp á einstakt útsýni og upplifun.
- **Friðsæld og kyrrð:** Svæðið er frábært fyrir þá sem vilja njóta kyrrlátrar náttúru, fjarri mannmergð.

Aðildarfélagar og kennileiti

- Kleifarvatn
- Krýsuvík
- Seltún

Markhópar

Ferðamenn

- Svæðið höfðar til bæði innlendra og erlendra gesta sem vilja upplifa einstaka náttúru í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Náttúruunnendur

- Einstök jarðfræðileg fegurð og fjölbreytt náttúra draga að fólk með áhuga á íslenskri náttúru.

Ljósmyndarar

- Litríkt landslag svæðisins býður upp á frábær tækifæri til ljósmyndunar.

Fjölskyldur

- Stígar og aðgengileg svæði gera þetta að góðum áfangastað fyrir fjölskyldur.

Útivistarfólk og Ævintýraþyrstir

- Gönguleiðir og landslag henta þeim sem leita að einstökum upplifunum.





Aðgengi að Seltúni og Krýsuvík



Almenningssamgöngur eru takmarkaðar og því er mælt með bíl eða hópferð.



Rafskútur eru ekki aðgengilegar á svæðinu.



Kleifarvatn og Krýsuvík eru auðveldlega aðgengileg með bíl frá höfuðborgarsvæðinu. Aksturinn tekur um 40 mínútur frá miðborg Reykjavíkur.

Útgefið af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Verkefnið er unnið í samstarfi við MH ráðgjöf

Júní 2025